


Felix - Flytja einstaklinga

Smellið með músinni á nafn möppunnar (hóps) sem færa á úr og birtast þá nöfnin í möppunni á skjánum. Ef nöfnin eru fleiri en dálkastilling segir til um, þarf að smella á **Sýna allt** til að fá upp öll nöfnin. Til að tilgreina þá sem á að flytja er smellt í lítinn reit við nöfn félaga. Ef flytja á alla í einu er hakað í efsta reitinn (við hlið **Nafn**).



Þegar búið er að velja þá sem á að flytja, er farið neðst á síðuna. Smellið á stækkunargler við hlið **Valglugga** lengst til hægri og veljið möppu til að flytja í. Þegar nafn valinnar möppu birtist í **Valglugganum**, er smellt á **Flytja í**.